

fyrir fardagaárin 18⁷⁰/₇₁—18⁸²/₈₃ incl. með þeirri upphæð fyrir hvert ár, er óvilhallir og kunnugir dómkvaddir menn meta; þó má hún ekki meiri vera en 15 al. á landsvísu árlega.

Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Hinum skipaða talsmanni áfrýjandans fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanni Jóhannesi Ólafssyni greiðist 25 kr. í málflytningu laun úr opinberum sjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 9/1884

Ritstjóri og alþingismaður

Jón Ólafsson

gegn

yfirdómara L. E. Sveinbjörnsson.

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 20. febr. þ. á., hefur ritstjóri og alþingismaður Jón Ólafsson áfrýjað til yfirdómsins dómi, kveðnum upp í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 22. nóvbr. 1883, en með þessum dómi er hann dæmdur í 100 kr. sekt til landssjóðs, eða í 30 daga einfalt fangelsi fyrir meiðandi ummæli um yfirdómara Lárus E. Sveinbjörnsson í blaðinu Þjóðólfi, 35. árg. nr. 27, 30 og 31, sem og til að greiða málskostnað, og voru hin átöldu orð dæmd dauð og ómerk.

Hin átöldu meiðyrði voru einkum þessi:

Í Þjóðólfi, 35. árg. nr. 27 bls. 80 „að ef til var óhæfilegur maður til þessa starfa, þá var það assessorinn“; í sama blaði 35. árg. nr. 30 bls. 92: “Lárus

hinn laungáfaði“; bls. 93: „Mikil þraut er það fyrir þingið, að þurfa að burðast með annan eins skrifstofustjóra og Lárus yfirdómara“, o. s. frv. Í sama blaði nr. 31 bls. 96. greinin: „Öllu fer fram“, og er hinum stefnda þar, eins og í 30. nr. bls. 93 gefið að sök, að „skjöl hafi verið tvíprentuð í alþingistíðindunum, samt að hann hafi týnt breytingartillögum og drýgt önnur axarsköpt“.

Áfrýjandinn hefur fyrir yfirdóminum farið því fram, að málinu verði vísað frá undirrjetti, þaræð lögleg sáttatilaun eigi hafi átt stað, með því hinn stefndi hafi eigi mætt sjálfur, en látið annan mann mæta fyrir sína hönd. En í annan stað hefur hann krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum og kærum hins stefnda og sjer verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi eptir mati rjettarins.

Hinn stefndi þar á móti hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að sjer verði dæmdur hæfilegur málskostnaður.

Að því er frávisunarkröfu áfrýjanda snertir, þá hefur stefndi fyrir sáttanefndinni lagt fram læknisvottorð um, að hann væri veikur þann dag, er málið var þar tekið fyrir, og með því að sáttanefndin hefur tekið vottorð þetta gilt, samt enginn vafi vakinn á því, að það sje getið út af lækni, og sáttatilaun farið fram, þá er engin ástæða til þess að taka þessa kröfu áfrýjanda til greina, og ber því að dæma málið í aðalefni þess.

Sem ástæðu fyrir hinni annari rjettarkröfu sinni hefur áfrýjandinn tilfært, að ummæli þau, er stefndi hafi átalíð, eigi sjeu ærumeiðandi, sem og að hann

hafi fært fullkominn stað orðum þeim, er hann hafi farið um útgáfu á skjalaparti alþingis 1883, þar sem hann telur, að allmargir gallar komi fram, en gagnvart vottorði því, er forsetar þingsins í tilefni af þeim átöldu ummælum hafa gefið stefnda sem skrifstofustjóra á alþingi um, að hann hafi gegnt þessari stöðu sinni með dagnaði og samvirkusemi, og að prentun á skjölum tvisvar eða þrisvar aðeins kemur fram á ýmsum stigum málanna, en ekki á sama stigi, er engin ástæða til þess að álíta, að þessi ummæli áfrýjandans sjeu rjettlætt, eða að nokkuð að öðru leyti sje komið fram, er geti heimilað honum að ósekju að fara um stefnda þeim orðum, sem átalín eru, og sem í bæjarþingsdóminum rjettilega eru látin varða ábyrgð eptir 219. gr. hegningarlaganna og dæmd dauð og ómerk.

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdóm ber því að staðfesta og ber áfrýjandanum að greiða málskostnað hjer fyrir rjettinum til hins stefnda með 10 kr.

D v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinnum áfrýjaði bæjarþingsdómi skal óraskað. Sem málskostnað hjer fyrir yfirdómi ber áfrýjandanum, ritstjóra og alþingismanni Jóni Ólafssyni, að greiða til hins stefnda, yfirdómara Lárusar E. Sveinbjörnsson, 10 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum. —